



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

Starf Flugklasans Air 66N 1. apríl – 15. sept. 2020

Hér verður gerð grein fyrir því helsta í starfi Flugklasans Air 66N undanfarna mánuði.

Markaðssetning

Flugklasinn hefur sannarlega ekki setið auðum höndum undanfarna mánuði. Vegna heimsfaraldursins eru verkefni þó önnur en í meðalári, ef svo má segja. Allar ferðasýningar sem voru fyrirhugaðar á tímabilinu frá mars og þar til nú voru felldar niður eða þeim frestað vegna heimsfaraldursins. Sama má segja um heimsóknir blaðamanna. Ferðalög milli landa hafa að mestu legið niðri og fulltrúar flugklasans hafa því ekki farið í heimsóknir erlendis, sem annars hefði verið gert.

Í stað þessara hefðbundnu verkefna hefur flugklasinn einbeitt sér að að því að halda tengslum úti á mörkuðum og fylgjast með þróun mála þar. Það er ljóst að áhugi erlendra aðila er að aukast á áfangastaðnum Norðurlandi og þar liggja sóknarfæri þegar almenn ferðalög fara aftur af stað. Fámennið og stórbrotin náttúran mun, ásamt háu þjónustustigi og miklu úrvali afþreyingarmöguleika, gera Norðurland að mjög áhugaverðum og freistandi valkosti fyrir ferðalanga í kjölfar Covid-19.

Talsverður kraftur var settur í öflun og framleiðslu á efni til markaðssetningar. MN réði ljósmyndara til að fara og taka ljósmyndir til að nýta á markaðssetningu. Til viðbótar hefur starfsmaður MN farið um Norðurland til að taka myndir. Þessar tækur munu halda áfram út árið til þess að klára vetrarhlutann. Verið er að setja upp myndabanka fyrir ferðaskrifstofur, flugfélög og fyrirtæki til þess að efla markaðssetningu á Norðurlandi.

Markaðsstofa Norðurlands (MN) samdi, ásamt öðrum markaðsstofum, við Tjarnargötuna um framkvæmd verkefnisins Upplifdu.is. Verkefnið snýst um að þróa tæknilausn til að koma á framfæri myndböndum og myndum af áfangastaðnum. Farið er í markaðsátak á erlendum mörkuðum og er markmiðið að vekja áhuga á Norðurlandi, auka þekkingu á svæðinu og gera þjónustuna aðgengilegri fyrir viðskiptavinum. Auk þess er bakendi í kerfinu sem unninn er til þess að veita flugfélögum og ferðaskrifstofum stuðning við markaðssetningu á svæðinu. Virkinn gerir notandanum kleift að velja staði á Íslandi sem viðkomandi vill heimsækja og forritið birtir svo ferðaáætlun og myndband af þessum stöðum í lokin. Þetta er hugsað sem hvati fyrir þá sem eru að láta sig dreyma um ferðalög, en líka fyrir þá sem hafa komið og heimsótt ákveðna staði. Það fólk getur þá búið til myndband af sinni ferð og sent það svo áfram til vana og dreift á samfélagsmiðlum. Einnig geta fyrirtæki á einfaldan hátt framleitt sitt eigið kynningarefni.

Samtals verða framleiddir 115 myndapakkar fyrir Norðurland og búið er að taka upp um 85 af þeim nú þegar. Búin var til prufuútgáfa fyrir íslenska markaðinn í sumar, en tilbúin útgáfa fyrir erlendan markað verður tilbúin síðar í haust. Verkefnið verður svo þróað áfram og haldið áfram að bæta við efni þar inn, s.s. vetrarmyndum. Uppsetning þessa kerfis varð studd af sóknaráætlunum SSVN og SSNE auk Flugþróunarsjóðs.

Vegna Covid 19 tók flugklasinn á móti mun færri blaðamönnum en ella. Þó komu hér þrjú spænskir blaðamenn í mars og tveir áhrifavaldir frá Danmörku á vegum Icelandair í ágúst. Einnig komu hér tveir



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

blaðamenn frá Þýskalandi, annar kom í júlí og ferðaðist Norðurstrandarleið, en hinn kom í ágúst og ferðaðist Demantshringinn. Unnið er að því að nýta íslenska áhrifavalda með erlenda fylgjendur nú á meðan ekki er hægt að vinna með erlendum blaðamönnum.

Þann 6. September s.l. var haldin opunarhátíð Demantshringsins. Viðburðurinn tókst vel og var vegurinn formlega vígður af forsætisráðherra, samgönguráðherra og ráðherra ferðamála. Viðbrögð innan ferðaþjónustunnar hafa verið góð og gaman að geta sett í loftið jákvæða frétt á þessum tímum. Þótt markaðssetning Demantshringsins sé ekki alfarið á hendi Flugklasans, þá gegnir þessi nýja ferðamannaleið, ásamt Norðurstrandarleið, lykilhlutverki í markaðsaðgerðum Flugklasans. Það er mjög mikilvægt að hafa sterkt vörumerki sem nær athygli á réttum mörkuðum.

Íslenski áhrifavaldurinn Ása Steinars ferðaðist um Demantshringinn í tengslum við opunina og fékk góð viðbrögð. Var sú ferð unnin í samvinnu við Íslandsstofu, og verður efnið notað síðar við markaðssetningu erlendis.

Flugfélög/Ferðaskrifstofur

Undanfarnir mánuðir hafa einkennst af óvissu. Flugklasinn hefur haft puttann á púlsinum varðandi hvað er að gerast á okkar helstu mörkuðum, m.a. með því að vera í reglulegu sambandi við lykilaðila á hverjum stað. Enn er gríðarleg óvissa um hvenær hlutir komast í eðlilegt horf, hversu hratt það gerist og hversu langan tíma það mun taka hinn almenna ferðalang að vilja fara að ferðast á ný. Staðan í Bretlandi er t.d. mjög erfið þessa dagana, en það er einn af okkar lykilmörkuðum. Þrátt fyrir allt þetta hefur Flugklasinn, ásamt samstarfsaðilum, komist í samband við aðila í tveimur löndum í Evrópu sem hafa sýnt áhuga á beinu flugi til Akureyrar í einhverri mynd. Það er því ljóst að það er áhugi fyrir hendi – en ljóst að ekkert flug mun hefjast fyrr en Covid-þokunni fer að léttast. Næstu mánuðir fara því í undirbúning þessara verkefna.

Vegna Covid 19 neyddist Voigt Travel til þess að aflýsa öllum flugferðum sem fyrirhugaðar voru á vegum félagsins í sumar. Þetta var auðvitað ákveðinn skellur, bæði fyrir fyrirtækin hér á Norðurlandi sem voru með samninga um þjónustu við þessa farþega, en jafnframt fyrir verkefnið í heild sinni. Þetta varð þó ekki umflúið þar sem forsendur voru brostnar vegna heimsfaraldursins.

Flugklasinn hefur haldið góðu sambandi við Voigt Travel síðustu mánuði og þar á bæ er stefnan enn sú sama - að byggja upp aukna umferð beint til Akureyrar til framtíðar. Búið er að setja upp flugáætlun fyrir næsta vetur, 10 flug frá miðjum febrúar 2021. Sala er hafin og bókanir farnar að berast. Framkvæmd þessara flugferða er hins vegar háð því að gerðar verði tilslakanir á núverandi skimunarreglum á landamærum. Eða að fundin verði lausn með sérstökum ráðstöfunum heima fyrir sem geri móttöku þessara gesta mögulega. Flugklasinn hefur þegar hafið vinnu við að kanna hvaða möguleikar eru í stöðunni til þess að finna lausn svo af þessu geti orðið. Fullur kraftur verður settur í þá vinnu næstu vikurnar.

Routes Europe ferðaráðstefnunni, sem venjulega er á dagskrá í apríl, var frestað. Sú breyting hefur orðið að Flugklasinn mun ekki taka beinan þátt í þeirri sýningu eins og undanfarin ár, heldur á kynning á þeim



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

vettvangi að vera framvegis í höndum Isavia og Íslandsstofu og þar verði kynntir samhliða flugvellirnir á Akureyri og Egilsstöðum.

Þessi breyting er tilkomin vegna áherslu Isavia að kynna þessa tvo flugvelli undir sama hatti. Rökin eru þau að þannig náist meiri slagkraftur í markaðssetningu gagnvart erlendum flugfélögum. Markaðssetningin snúist aðallega um að kynna „hinn hluta Íslands“ og það verði svo í höndum hvers flugfélags að velja að lokum Akureyri eða Egilsstaði sem landingarstað.

Þetta fyrirkomulag hefur sína kosti og galla. Það er kostur ef meiri slagkraftur næst með markvissari aðgerðum Isavia og Íslandsstofu við að koma þessum flugvöllum á framfæri. Það er hins vegar galli miðað við reynslu Flugklasans að vera að kynna tvo flugvelli í einu. Hver árangurinn verður á eftir að koma í ljós og veltur að stærstu leyti af því hversu vel Isavia og Íslandsstofa munu standa að kynningunni.

Samhliða mun Flugklasinn beita sér í markaðssetningu til flugrekstraraðila. Aukin áhersla verður á ferðaskrifstofur sem mögulega geta sett upp leiguflug.

Innra starf

Á Akureyrarflugvelli er langþráð uppbygging að hefjast. Flugklasinn hefur sem fyrr átt í góðu samstarfi við flugvallarstjórnann á Akureyrarflugvelli og fylgst með framgangi mála þar. Það er búið að ganga til samninga við verktaka um jarðvinnu samhliða færslu á olíutönkum, sem er nauðsynlegt til að rýma fyrir nýrri byggingu. Jafnframt er núna verið að vinna að lokahönnun á viðbyggingunni sem fyrirhugað er að reisa við flugstöðina. Samhliða þessu er verið að undirbúa næstu skref við stækkun flughlaðs. Framundan hjá Flugklasnum er að fylgja því eftir að það komi fjármagn á næsta ári til að reisa viðbygginguna – eins og búið er að tilkynna. Það er gríðarlega mikilvægt að nýta tímann núna meðan heimsfaraldurinn gengur yfir, til þess að byggja upp og vera undirbúin þegar opnast fyrir ferðalög að nýju.

Hvað er framundan?

Vinna Flugklasans mun halda áfram á svipaðri braut og undanfarna mánuði. Eins og fram hefur komið eru mörg verkefni í vinnslu og eru verkefnin framundan m.a. þessi:

- Fylgja eftir uppbyggingu á Akureyrarflugvelli og að fjármunir verði settir í þá uppbyggingu
- Vinna með Flugþróunarsjóði, endurskoðun starfsreglna hans, þrýsta á að einfalda umsóknarferli og koma honum betur á framfæri erlendis
- Halda áfram að þrýsta á stjórnvöld til þess að koma á jöfnun/niðurgreiðslum vegna hærra verðs á flugvélaeldsneyti á Akureyri en í KEF og RVK
- Vinna áfram þétt með Voigt Travel að því að viðhalda og auka flugferðir á þeirra vegum beint til Akureyrar



Markaðsstofa Norðurlands
NORDURLAND.IS

- Þátttaka í Winter Event – rafrænni ferðasýningu á vegum Voigt Travel fyrir viðskiptavinum þeirra
- Útbúa nýtt markaðsefni fyrir ferðaskrifstofur, til þess að hvetja til beinna flugferða til Akureyrar
- Kortleggja fleiri markaði, í samstarfi við sérhæfða ráðgjafa, með það að markmiði að finna nýja aðila til að sinna beinu flugi til Akureyrar. Flugklasinn gerði slíkt síðasta vetur fyrir Bretlandsmarkað og það skilaði góðum árangri.
- Viðhalda tengslum við tengiliði erlendis og safna nýjum
- Framleiðsla á markaðsefni fyrir neytendur (myndbönd, myndir ofl) til að kveikja áhuga á áfangastaðnum Norðurlandi
- Samfélagsmiðlaherferð byggða á nýju og eldra efni
- Upplifdu.is – áframhaldandi upptökur, efnisvinnsla og birting.
- Söluhandbók (Trade manual) fyrir Norðurland
- Þróunarvinna með fyrirtækjum

Akureyri, 15. september 2020

Hjalti Páll Þórarinnsson

Verkefnastjóri Flugklasans Air 66N